

## **7.fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 8.október, kl.17:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi 6.**

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi, Jósep Húnfjörð gjaldkeri og Einar Ólafsson ritari. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar Sæunn Viggósdóttir, fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla, Karen Jóhannesdóttir fulltrúi tækninefndar í hópfimleikum og Hlín Bjarnadóttir fulltrúi tækninefndar kvenna. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ, Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri fræðslumála og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla boðaði forföll. Jón Finnbogason, formaður laganeftndar og Guðmundur Þór Brynjólfsson, formaður fræðslunefndar, voru boðaðir en þáðu ekki boðið að þessu sinni.

### **Dagskrá:**

#### **1.Móta- og keppnisreglur FSÍ**

Skrifstofa FSÍ leggur fram uppfærðar móta- og keppnisreglur FSÍ. Eftir að kröfur móta frá tækninefndum lágu fyrir nú í haust, var farið yfir eldri móta- og keppnisreglur FSÍ. Sviðsstjóri fræðslumála og sviðsstjóri landsliðsmála höfðu veg og vanda af uppfærslunni og áttu fundi með fulltrúum úr TK, TKV og THF, þar sem farið var reglurnar yfir lið fyrir lið og teknar ákvarðanir um hvernig móta- og keppnisreglur myndu líta út næstu 4 árin. Grunnbreyting á reglunum er að í dag er að kaflar sem hugsanlega breytast á milli ára, eru gerðir lifandi í kröfum móta, en móta- og keppnisreglur eiga að haldast óbreytt næstu ár.

Málið rætt

**Stjórn fimleikasambandsins samþykkir uppfærðar móta- og keppnisreglur FSÍ. Jafnframt þakkar stjórn FSÍ öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg til að gera þessar reglur eins góðar og skýrar og hægt er og vonar að með útgáfu móta- og keppnisreglna FSÍ sé lagður grunnur að mótahaldi næstu 3 árin.**

**Með uppfærslu þessara reglna var tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu á tveimur síðustu þingum FSÍ og afreksráðstefnu sem haldin var 2012. Þar sem samræmdar voru hugmyndir um umbun og aldur keppenda á milli greina annars vegar og hins vegar horft til þess að auka jafnvægi milli verðlauna og keppendafjölda.**

**Framkvæmdastjóra er falið að senda móta og keppnisreglur FSÍ á aðildarfélög og birta þær á vef sambandsins.**

#### **2.Mannvirkjanefnd FSÍ**

Í vor kom inn erindi til stjórnar FSÍ frá Jón Þóri Ólasyni, framkvæmdastjóra Ármanns, þar sem hann velti upp þeirri spurningu upp, hvort ekki væri tímabært að FSÍ stofnaði mannvirkjanefnd. Í þeirri nefnd ættu sæti forstöðumenn fimleikahúsa, rekstraraðilar. Stjórn FSÍ tók vel í þessa tillögu og fól formanni og framkvæmdastjóra að vinna hana áfram.

Formaður og framkvæmdastjóri áttu undirbúningsfund með Jóni Þóri Ólasyni, framkvæmdastjóra Ármanns, Auði Ingu Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra Íþróttafélagsins Gerpla, og Guðjóni Guðmundssyni, framkvæmdastjóra fimleikafélagsins Bjarkar.

Stjórn FSÍ leggur fram eftirfarandi erindisbréf og tilnefnir eftirtalda einstaklinga í mannvirkjanefnd; Auði Ingu Þorsteinsdóttur, Gerplu, Jón Þór Ólason, Ármann, Ingvar Kristinsson, Björk, og Þorgerði Laufey Diðriksdóttur, FSÍ, sem jafnframt yrði þá formaður nefndarinnar.

Málið rætt

## Erindisbréf

<b>Heiti nefndar:</b> Mannvirkjanefnd FSÍ
<b>Ábyrgðarmaður:</b> Framkvæmdarstjóri FSÍ, Helgi Jóhannesson
<b>Hlutverk og tilgangur:</b> Tilgangur mannvirkjanefndar er að stuðla að betri fimleikum hér á landi og jafnræði til íþróttaiðkunar. Í fyrsta lagi með því að gefa sem flestum tækifæri til stunda fimleika, í annan stað að jafna stöðu kynja til íþróttaiðkunar hér á landi. En síðast og ekki síst að styðja við vinnu sem félögin/deildirnar eru að vinna hver í sínu horni í baráttu um fjármagn til endurnýjunar tækja.
<b>Helstu verkefni:</b> Að að skiptast á upplýsingum og þekkingu sem gæti skapað betri aðbúnað iðkenda í fimleikum um allt land Að kortleggja húsnæðisþörf miðað við fjölda iðkenda í sveitafélögum. Að skoða staðla um afskriftir áhalda miðað við notkun. Að koma á samvinnu félaga við kaup á áhöldum og flutning þeirra til landsins svo hægt sé að fá betri tilboð sem kæmu öllum vel. Að skapa grundvöll fyrir innanlandsmarkað á tækjum og áhöldum sem gæfu minni félögum tækifæri til að byrja með fimleika út um land. Að nota kaupstefnur sem haldnar eru í tengslum við stórmót erlendis til að ná kostnaði niður við kaup á áhöldum hingað til lands.
<b>Nefndarmeðlimir:</b> Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður nefndarinnar Jón Þór Ólason Ingvar Kristinsson Auður Inga Þorsteinsdóttir
<b>Formaður nefndar:</b> Þorgerður Laufey Diðriksdóttir
<b>Starfsmenn:</b> Helgi Jóhannesson, framkvæmdarstjóri FSÍ

<b>Ráðgjöf / samstarf:</b> Ýmsir aðilar
<b>Starfstímabil:</b>
<b>Skil:</b> Til stjórnar FSÍ

**Stjórn Fimleikasambandsins samþykkir framlagt erindisbréf og tilnefningar í mannvirkjanefnd.**

#### **Til kynningar**

1. Fundargerð TKV frá 14. ágúst
2. Fundargerð TKV frá 21. ágúst
3. Fundargerð TVK frá 2. september
4. Bók um fimleika

Einar Ólafsson sýndi fundarmönnum lokadrög að bók um fimleika sem hefur verið í vinnslu að undanfögnu. Fimleikafélög á landi gafst tækifæri á að senda inn efni auk þess sem viðtöl eru við núverandi, fyrrverandi og upprennandi fimleikastjórnur. Stefnt er að því að gefa bókina út innan 3 vikna.

Fundi slitið kl. 18:40.